



# Sjálfbærnistefna

---

Grjóthálsi 7-11 | 110 Reykjavík, Iceland | Tel +354 412 8000 | [olgerdin@olgerdin.is](mailto:olgerdin@olgerdin.is) | [www.olgerdin.is](http://www.olgerdin.is) | Vsk.nr. 11211 | Kt. 420369-7789

Markmið Ölgerðarinnar er að sjálfbærni verði hluti af menningu fyrirtækisins og að upplýsingar um framgang sjálfbærni verði jafn aðgengilegar og fjárhagsupplýsingar félagsins. Það er trú fyrirtækisins að áhersla á sjálfbærni dragi úr áhættu í rekstri þess og styrki fjárhagslega arðsemi til framtíðar. Ölgerðin stefnir að því að styrkja samkeppnishæfni sína með því að draga úr efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum kostnaði.

Stjórn félagsins samþykkir stefnuna en ábyrgðaraðili hennar er forstjóri Ölgerðarinnar. Leiðtogi sjálfbærni og umbóta hefur umsjón með framkvæmd stefnunnar. Sjálfbærniþróun Ölgerðarinnar tryggir að stefnunni sé fylgt eftir, aðgerðaáætlun sé innleidd og að regluleg endurskoðun fari fram. Starfsfólk og stjórnendur Ölgerðarinnar skulu fylgja sjálfbærnistefnu fyrirtækisins og markvisst vinna að því að gera Ölgerðina að sjálfbærara fyrirtæki.

Hagsmunaaðilar Ölgerðarinnar skiptast í átta hópa en þeir eru samstarfsaðilar, eigendur, viðskiptavinir, starfsfólk, stjórnvöld, neytendur, birgjar og þjónustuaðilar. Þessir átta hópar eru taldir vera lykilhagsmunaaðilar fyrirtækisins en Ölgerðin vinnur einnig að sjálfbærni með aðilum á borð við háskólasamfélagið, hagsmuna- og félagasamtök.

Fylgst er með niðurstöðum mælinga á mánaðarlegum uppgjörsfundum. Árlega er gefin út sjálfbærnisráðgjafur þar sem gerð er grein fyrir framvindu og hún gerð aðgengileg fyrir alla hagaðila, bæði á íslensku og ensku. Staða og árangur eru kynnt starfsfólki fyrirtækisins að minnsta kosti einu sinni á ári. Unnið verður að því að birta innri og ytri aðilum rauntímagögn yfir kolefnisfótspor Ölgerðarinnar.

Ölgerðin leggur áherslu á eftirfarandi fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

- Góð atvinna og hagvöxtur
- Jafnrétti kynjanna
- Ábyrg neysla og framleiðsla
- Aðgerðir í loftslagsmálum

Ölgerðin vinnur eftir viðmiðum Global Compact og skilar árlega inn framvinduskýrslu. Ölgerðin tekur þátt í því að ná loftslagsmarkmiðum Íslands um 40% minnkun kolefnisspors til 2030. Ölgerðin hefur sett sér metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalegum hætti og miða að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C (e. Science Based Target (SBT)).

Ölgerðin hefur sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040.

Ölgerðin leggur áherslu á að ná árangri í fjórum mikilvægum málaflokkum sem heyra undir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Þeir eru: sjálfbær vöxtur, fjölbreytileiki, hringrásarhagkerfi og kolefnishlutleysi.

### Sjálfbær vöxtur



### Fjölbreytileiki



### Hringrásarhagkerfi



### Kolefnishlutleysi



## Sjálfbær vöxtur

Ölgerðin ætlar sér að stækka með hagkvæmum hætti og styðja þannig við hagvöxt og atvinnu. Því verður meðal annars náð fram með aukinni framleiðni, stafrænni þróun og lágmörkun á umhverfisáhrifum. Markmið Ölgerðarinnar er að sjálfbærni verði hluti af menningu fyrirtækisins og að upplýsingar um framgang sjálfbærni verði jafn aðgengilegar og fjárhagsupplýsingar félagsins. Ölgerðin velur sér samstarfsaðila sem hafa sambærilegan metnað og fyrirtækið þegar kemur að sjálfbærni.

Markmið	Mælikvarði
<i>Minnka losunarkræfni tekna</i>	Losunarkræfni tekna (Kolefnisspor/veltu) 63% minna árið 2030 fyrir umfang 1 og 2.
<i>Hollari valkostir</i>	50% minni sykur á hvern seldan lítra af framleiðsluvöru árið 2030 miðað við 2020.

## Fjölbreytileiki

Fjölbreyttur vinnustaður er heilbrigður vinnustaður. Ölgerðin leggur áherslu á að laða til sín starfsfólk með mismunandi viðhorf, ólíkan bakgrunn, af mismunandi kynjum og á öllum aldri til að skapa eftirsóttan vinnustað.

Markmið	Mælikvarði
<i>Jafna hlutfall kynja í leiðtogahlutverkum og hópum</i>	Aldrei hærra hlutfall en 60% af einu kyni í stjórnunarstöðum árið 2030.

## Hringrásarhagkerfi

Ölgerðin ætlar að setja aukinn kraft í að bæta ferla fyrirtækisins út frá hringrásarhagkerfinu og vera þar í framvarðarsveit íslenskra fyrirtækja. Kapp verður lagt á að minnka sóun í öllu ferlinu (hráefni og umbúðir, hönnun, framleiðsla, flutningur, notkun/endurnotkun/viðgerðir/deiliþjónusta, söfnun og endurvinnsla).

Markmið til 2030	Mælikvarði
<i>Endurnýtt hráefni í umbúðir</i>	Allar þær pakkningar sem við notum fyrir eigin framleiðslu verði úr 60% endurnýttu hráefni árið 2030.
<i>Allt flokkað</i>	99% flokkunarhlutfall árið 2030.

## Kolefnishlutleysi

Ölgerðin er í framvarðarsveit íslenskra fyrirtækja á sviði sjálfbærni. Ölgerðin hefur sett sér metnaðarfull markmið sem miða að því að samræmast markmiði Parísarsamkomulagsins um að halda hækkun hitastigs jarðar innan við 1,5°C til 2030 (e. Science Based Target). Ölgerðin hefur einnig sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040.

Markmið	Mælikvarði
<i>Endurnýjanleg orka</i>	100% endurnýjanleg orka í starfsemi árið 2030.
<i>Umhverfissvænni vörur</i>	25% minna kolefnisspor framleiðsluvara árið 2030.
<i>Kolefnishlutleysi reksturs</i>	42% minna kolefnisspor frá umfangi 1 og 2 árið 2030.
<i>Kolefnishlutleysi aðfangakeðju</i>	Mæla og minnka umfang 3 árið 2030.
<i>TCFD áhættumat</i>	TCFD áhættumat framkvæmt árlega.
<i>Sjálfbærni framvinduskýrsla</i>	Sjálfbærni framvinduskýrsla gefin út árlega á íslensku og ensku.